

Suðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs

35. fundur hjá svæðisráði suðursvæðis, haldinn föstudaginn 7. júní, kl. 16:00 í Gömlubúð á Höfn.

Mætt voru: Reynir Arnarson, formaður (Sveitarfélagið Hornafjörður, SH), Guðrún Ingimundardóttir (SH), Björn Ingi Jónsson (SH), Hildur Þórsdóttir (Náttúruverndarsamtök Austurlands, NAUST), Karl Ingólfsson (Samtök útivistarfélaga, SAMÚT), Regína Hreinsdóttir, þjóðg.vörður, Helga Árnadóttir, nýr starfsmaður Vatnajökulsþjóðgarðs á Höfn, sem ritaði jafnframt fundargerð.

Reynir setti fund og bauð Helgu velkomna til starfa. Fundarmenn kynntu sig fyrir nýjum starfsmanni. Eina mál fundarins var staða mála og Reynir byrjaði á því að fá yfirlit frá Regínu um stöðu vegamála á svæðinu.

Regína sagðist hafa rætt við Reyni Gunnarsson hjá Vegagerðinni um að koma viðhaldi malarvega innan og í nágrenni þjóðgarðs inn á framkvæmdaáætlun. Óskað var eftir formlegu erindi, sem og Regína tók saman og sendi til Vegagerðarinnar sem og sveitarfélagsins Hornafjarðar. Í kjölfarið voru ákveðnir vegir ruddir. Vegagerðin tók einnig vel í að skoða þessi mál betur. Regína lagði til að þessum málum væri fylgt vel eftir.

Karl Ingólfsson spurði um snjómokstur. Regína hefur sótt um að koma innkeyrslunni að Skaftafelli inn á snjómokstursáætlun en hefur fengið synjun hingað til. Vegagerðin hefur hins vegar verið mjög liðleg með að ryðja, þegar óskað er eftir. Ókostur er hins vegar að þessi þjónusta skuli ekki vera inni á áætlun. Ekki hefur verið óskað eftir að fá aðra vegi rudda. Karl ræddi um reynslu sína úr Mývatnssveit. Sagði að þjónusta við ferðamannavegi þyrfti að komast inn á samgönguáætlun. Reynir Arnarson sagði að fulltrúar frá Vegagerðinni hefðu komið á síðasta stjórnarfund og að umræður hefðu verið góðar.

Guðrún Ingimundardóttir spurði um hvort vandamál væru á svæðinu út af utanvegaakstri. Regína sagði að ekki væri mikið um vandamál á grónu landi en töluvert væri um utanvegaakstur á Skeiðarár- og Breiðamerkursandi (við brúna). Í sumar kom auka fjármagn til sérstakra landvörsluverkefna sem í Skaftafelli verður nýtt til að taka betur á utanvegaakstursförum á Skeiðarársandi (afmá för t.d. með því að raka yfir). Guðrún spurði líka um hvort ekki þyrfti að gera aðgerðir sýnilegri. Regína segir að óskað hafi verið eftir stórum skiltum (sem notað er töluvert á hálendinu) en Vegagerðin hefur ekki viljað setja þau upp hingað til. Lítil skilti hafa verið sett upp af þjóðgarðinum (sbr. „akstur bannaður“ skilti við Jökulsárlón). Guðrún leggur áherslu á að gera aðgerðir sýnilegri, umræða um að koma t.d. með fréttaskot á feisbúkk.

Hildur spurði hvernig sumarið færi í gang. Regína segir frá hitaveituframkvæmdum í Skaftafelli. Á þessu ári ætti að vera hægt að setja hitaveitu í flestar byggingar. Einnig er verið að stækka rotþró við salernishús. Allt húsnæði var málað (salerni og uppl.míðstöð). Regína fer mjög sátt inn í sumarið, henni líst vel á starfsmannahópinn og eingöngu tveir nýjir starfsmenn. Helga segir frá starfseminni á Höfn. Hingað til hefur mesta áherslan verið að koma húsinu og sýningunni í gang, enda formlega opnun í dag. Þrír af fjórum starfsmönnum hafa starfað áður á svæðinu sem er mjög gott fyrir nýjan starfsmann. Helgu líst mjög vel á það sem koma skal. Hildur óskaði síðan eftir vettvangsferð, t.d. í Skaftafell. Hugmynd sett fram um vettvangsferð þangað í ágúst eða september.

Engar fleiri fyrirspurnir. Reynir ræddi áframhaldandi fyrirkomulag og fundartíma. Stefna á að hafa fundi kl. 20.00, fljótlega eftir stjórnarfundu.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16.40.